

Ed.

215. Nefndarálit

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 29, 20. júní 1923, um atvinnu við vjelgæslu á íslenskum mótorskipum.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Þetta frumvarp var flutt í neðri deild af 2. þm. Reykv. (J. Bald.), eftir beiðni nokkurra manna, sem vjelgæslu stunda á mótorskipum.

Sjávarútvegsnefnd Nd. hefir gert nokkrar breytingar á frv. eins og það var upphaflega, og hefir, að því er segir í nefndaráliti hennar, flutningsmaður frv., eftir atvikum, fallist á þær.

Sjávarútvegsnefnd Ed. hefir athugað frv. eins og það nú liggur fyrir eftir 3. umræðu í Nd.

Nefndin er samþykkt þeim breytingum til rýmkunar, sem orðið hafa á frv. við meðferð þess í Nd., og leyfir hún sjer að leggja til, að það verði þannig samþykkt hjer í deildinni.

Alþingi, 24. mars 1924.

Björn Kristjánsson,
formaður.

Jóhann P. Jósefsson,
skrifari og framsögum.

Ingvar Pálmason.